



BÚFRÆÐINGURINN

Geitagott • Minkarækt á Íslandi • Virkilega gefandi búskapur • Rababaraframleiðsla
• Það er bæði gaman og krefjandi að vera við búskap • Nemendakynningar

Að leiðarlokum

Aníta Ýr Atladóttir og Sólveig Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Nú er komið að kaflaskilum hjá okkur útskriftarhóp búfræðinga 2023. Við kveðjum Hvanneyrina með heilmikið af góðum minningum, frábærum vinum til lífstíðar, bóklegan sem og verklegan lærdóm í farteskinu sem mun nýtast okkur í næsta kafla hjá okkur.

Okkar fyrsti skóladagur var 18. ágúst 2021, margir hverjir komu daginn fyrir til þess eins að reyna sitt allra besta við að koma sér vel fyrir í íbúðunum og skoða nýja umhverfið sem við áttum eftir að eyða ófáum stundum í. Mörg okkar hittumst kvöldið áður með eldri bekknum og þar var fyrsta skrefið í félagslífinu stigið það var sungið hástöfum, spilað á gítar og hljómborð, með kalda drykki í hönd og spennt fyrir komandi tímum í náminu. Það var mikið um að vera í félagslífinu um leið og við mættum og því var í raun lítill tími til þess að vera með einhverja feimni. Nýnemadagurinn var á sínum stað og stuttu síðar var okkur hent í leðjuna niður við engjar.

Covid kíkta smá á okkur og því var öllu skellt í lás í nóvember 2021 og fram í febrúar 2022, Hvanneyringar töldu sig hafa sloppið ansi vel frá þeirri óværu allt þar til hinn víðfrægi Kollubur opnaði aftur, eitt fimmtudagskvöld á Kollubarnum og meira en helmingur bekkjarins fárveikur.

Um leið og sóttvarnir leyfðu fór félagslífið aftur á fullt á Hvanneyri sem varð til þess að nemendafélagið fór strax í það að skipuleggja árshátíð, Hreðjar planaði hrútauppbóðið og allt þurfti þetta að gerast á viku þar sem við vorum í þann mund að fara í lokapróf og síðar verknám. Þetta hraðskipulag varð til þess að það var haldið hrútauppbóð á föstudegi fyrir árshátíð eins og venja er, árshátíðin haldin með pompi og prakt á laugardagskvöldi og þá máttu fyrstu bekkingar taka sig saman í andlitinu og læra undir lokapróf í áburðarfræði hjá Eddu Þorvaldsdóttur sem var síðan á slaginu 9 á mánudagsmorgni. Eftir lokaprófin héldum við á vit ævintýrana í verknám,

sumir fóru bæði út í verknám og hér heima en aðrir ákváðu að halda sig á klakanum fyrir þetta verkefni.

Seinna árið okkar í búfræðinni var að ganga í garð og spennan var mikil að koma saman aftur og eins að kynnst nýjum nemendum. Nemendafélagið sá um nýnemadaginn og fékk annað árið í búfræði til liðs við sig. Nú voru engin takmörk á okkur og því var haldinn fjöldinn allur af viðburðum og eins skipulögðu nokkrir nemendur í bekknum búfjárræktarferð fyrir nemendur skólans þar sem var haldið norður á land.

Við erum búin að vera á fullu í fjáröflunum fyrir útskriftarferðina okkar sem við förum í núna í júní en þá ætlum við að fara og skoða búnaðarhætti í Skotlandi. Til þess að safna fyrir ferðinni höfum við meðal annars safnað dósnum, selt varning, unnið fyrir bændur í nágrenni við Hvanneyri við hin ýmsu störf og einnig sáum við um veitingar á Skeifudeginum sem haldinn var á Mið-fossum á sumardaginn fyrsta.

Hér á Hvanneyri höfum við fengið kennslu í hinum ýmsu fögum bæði bóklegam og verklegum. Í verklegum tímum höfum við unnið við bústörf í útihúsum skólans, lært að girða settlegar girðingar og fengið góða kennslu í plægingum. Allt mun þetta nýtast okkur mjög vel í framtíðinni og við getum sagt það með sanni að við förum vel menntuð héðan í sumar.

Við erum spennt fyrir komandi tímum þar sem námið hefur opnað fjölmargar dyr fyrir okkur til þess að skoða og prufa okkur áfram þar sem það eru fjölmargar leiðir sem hægt er að fara eftir búfræðinámið. Við erum þakklát fyrir allt fólkið í kringum okkur sem hefur séð til þess að allir læri vel það sem kennt er og við náum því að útskrifast héðan óhikað. Við viljum þakka kennurunum fyrir vel unnin störf og að hafa tekið skrípalátunum í okkur með mikilli sæmd og einstaklega miklum aga og einnig viljum við nýta tækifærið og þakka samnemendum okkar fyrir frábær tvö ár.

Búfræðingurinn 2023

Ritstjórar:

Aníta Ýr Atladóttir
Árni Ágúst Magnússon
Johanna Friederike Duerr
Lára Þorsteinsdóttir Roelfs
Lydíja Rós Unnsteinsdóttir
Nadine Stehle
Sólveig Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Nemenda lýsingar:

Helgi Fannar Gestsson
Nadine Stehle
Sigurður Sölvi Óskarsson

Ljósmyndir af nemendum:

Sólveig Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Prófarkalestur:

Aníta Ýr Atladóttir

Forsíðumynd:

Rósa Björk Jónsdóttir

Umbrot og hönnun:

Þórunn Edda Bjarnadóttir

Prentun:

Prentmet Oddi ehf.

Fjöldi eintaka prentuð:

4000



Frá brautarstjóra búfræðibrautar

Helgi Eyleifur Þorvaldsson

Nám í landbúnaðarfræðum hefur líklega aldrei verið mikilvægara, áhugaverðara og meira krefjandi en nú á tímum þegar fólksfjölgun í heiminum er í veldisvexti á sama tíma og auðlindir þjóða eru takmarkaðar. Robert Saik heldur því fram í bók sinni Food 5.0 að þörf sé á að framleiða sama magn af mat á næstu 30 árum og framleiddur hefur verið til samans síðastliðin 10.000 ár. Fleiri heimildir taka í svipaðan streng og hafa gert lengi. Þessu virðast ríki heims vera að átta sig á.

Ísland stendur á ákveðnum tímamótum í matvælaframleiðslu. Umræðan er að að breytast og í auknum mæli er rætt um tækifæri og framsýni í stað varnarstöðu. Nýlega kynnti ríkisstjórnin fjármálaáætlun til ársins 2028 en þar bar við nýlundu; nýjum fjármunum verður varið í landbúnaðarmál og það af frumkvæði stjórnvalda. Þannig skildi styðja akuryrkju um sem nemur tveimur milljörðum króna á næstu fjórum árum. Þessi aðgerð stjórnvalda setur tóninn fyrir það sem koma skal, breytta heimsmynd. Þótt verðbólga sé tæp 10% þegar þetta er skrifað og niðurskurður boðaður í ríkisfjármálum, eru útgjöld til landbúnaðar aukin.

Nauðsynlegt er að tryggja kjör bænda til að starf bóndans sé aðlaðandi og samkeppnisfært við aðrar greinar sem keppast um hæfasta fólkið. Það þarf að gera með því að nýta styrkleika og tækifæri hvernar greinar en lágmarka veikleika og ógnanir, með því að festast ekki í varnarstöðu, endurhugsa stuðningskerfi, styrkja í auknum mæli fjárfestingar eða annað það sem hefur mikla yfirfærsluskilvirkni, líta til nýrra tækifæra, breytinga á neyslumynstri o.fl. Framleiðsla á próteinum með lágt kolefnisspor verður eitt

af keppikeflum framtíðarinnar. Ræktun nýrra próteinríkra nytjaplantna, stofnfrumukjöt og -mjólk, grasprótein, fiskeldi, skordýraprótein og þörungaprótein eru allt greinar sem líklegar eru til að hefja aukna innreið á markað á næstu árum. Þá bendir allt þess að áfram verði aukin þörf fyrir kornrækt og grænmetisframleiðslu. Tryggja þarf að við séum tilbúin til að grípa þau tækifæri sem bjóðast og aðlaga menntun og miðlun í takt við breytta tíma.

Spá mín er sú að fólk sem hefur menntun, þekkingu og reynslu úr landbúnaði verði verðmætara með ári hverju enda ákveðin vitundarvakning og viðsnúningur að eiga sér stað. Sá hópur búfræðinga sem verður brautskráður nú í vor er öflugur og á framtíðina fyrir sér hvort sem nemendur stunda hefðbundinn búskap, feta nýjar slóðir í matvælaframleiðslu eða hyggja á frekara nám í landbúnaðarfræðum. Hvaða leið sem verður fyrir valinu er víst að tækifærin sem blasa við eru spennandi en um leið krefjandi. Með þeim augum þurfum við að líta verkefni komandi ára til að tryggja að við grípum ný tækifæri sem munu birtast matvælaframleiðslu framtíðarinnar.



Geitagott

Þorbjörg Ásbjörnsdóttir, bóndi á Lynghóli í Skriðdal

Á Lynghól í Skriðdal búa hjónin Þorbjörg (Obba) og Guðni, þau reka þar bú sem samanstendur af ýmsum dýrategundum.

Þar má finna um 60 geitur, 60 nautkálfa, 350 kindur, nokkrar hænur, hesta, hunda, ketti og kanínur.

Til þessa hafa einungis verið aldir nautkálfar frá íslenskum mjólkurkúm, en nú er verið er að skoða líka eldi á holdakúm með kálfum.

Geiturnar eiga samt hug bændanna umfram annað. Í miðju covid fengum við leyfi til að mjólka geiturnar og framleiða osta og aðrar afurðir úr mjólkinni. Geitagott er vörumerkið sem geitaafurðirnar eru framleiddar undir.

Við höfum að leiðarljósi í framleiðslunni okkar að fullvinna geitaafurðina, við mjólkum og framleiðum úr mjólkinni Mola, sem er salatostur, framleiddur í 3 tegundum kryddolíu, ásamt því að vera seldur hreinn. Skyr og jógúrt, sem er árstíðabundin vara sem einungis er til á þeim tíma sem verið er að mjólka geiturnar, þar sem verður að nota ferska mjólk í framleiðsluna. Skyrið og jógúrtið hefur verið framleitt hreint, fólk getur þá bætt út í það hvað sem það vill, eins og smekkurinn er hverju sinni.

Í haust fengum við styrk til meiri vöruþróunar og markaðssetningar, höfum við fengið til liðs við okkur ítalskan ostameistara til að gera eitthvað meira skemmtilegt, hlökkum mikið til að sjá hvað kemur út úr því samstarfi.

Við höfum framleitt ostana okkar í vottuðu eldhúsi hér í sveitinni okkar, en núna erum við að klára að koma okkur upp



lítilli ostavinnslu heima á bænum svo hægt verði að vinna allt hér heima.

Við höfum selt ostana okkar til veitingahúsa hér á Austurlandi og eins kaupir eitt veitingahús í Reykjavík af okkur ost og skyr.



Við höfum verið að prófa okkur áfram með vinnslu á kjöti sem fellur til, þurrkun, pylsugerð og ýmislegt þannig er í prófun og þróun, því mjólkurframleiðslunni fylgir kjöt með sem aukaafurð.

Eins tökum við stökurnar sem koma af kiðum og geitum sem þarf að farga og sútum og seljum. Því eins og áður sagði er lokamarkmið Geitagotts er að vinna allt úr geitinni sem mögulegt er.



En markmið er að koma á föstum stað í Reykjavík þar sem fólk getur keypt ostinn og annað sem við framleiðum, en eins og er hefur bara verið hægt að panta hjá okkur gegn um facebook eða instagram síðuna okkar og við sendum til fólks.

Það hefur gengið ótrúlega vel að selja ostana, fólk hefur fagnað þessari viðbót í ostaflóruna, eins eru margir spenntir fyrir skyri og jógúrti sérstaklega af því að þeir sem eru með laktósaþol geta borðað það, þar sem mjólkinn inniheldur ekki laktósa.



Vélfang ehf. selur og þjónustar jafnt nýjar sem notaðar vélar og tæki fyrir landbúnað, verktaka, golfvelli og sveitarfélög ásamt varahluta- og viðgerðarþjónustu.

FENDT



Fer fremstur

CLAAS



Fjölskyldufyrirtæki í fararbroddi



Leiðandi afl í 190 ár

Kverneland



Framtíðarsýn í landbúnaði

Framúrskarandi þjónusta við viðskiptavinum

Schäffer



Styrkur - afköst - skilvirkni

JCB



Nýsköpun - metnaður - framsækni

Aníta Ýr Atladóttir

17. september 2002

Atli Már Traustason og
Ingibjörg Klara Helgadóttir.
Syðri Hofdalir í Skagafirði



Stór og myndarleg moldótt hryssa sem er viljug og óhrædd við allt.
Þegar þú ert búin að ná trausti hennar gerir hún allt fyrir þig.

Komstu á Hvanneyri í makaleit? Með eða án jarðar? Nei það gerði ég ekki.

Stórhættulegt að vera í makaleit á Hvanneyri.

Eftirminnilegasta atvikið? Helgin sem covid leyfði hrútauppböð á föstudegi, árshátíð á laugardegi og lokapróf hjá Eddu á mánudegi.

Hlutir sem búfræðinemi þarf á að halda á Hvanneyri? Mikið af bjór, ullarpeysan góða og góðir redback skór.

Hvert fórstu í verknám? Ég fór á Kirkjulæk í Fljótshlíð.

Eftirminnilegasta atvik í verknáminu?

Þar skorar hátt hversu margar kýr voru heftar í mjöltum og svo má ekki gleyma baggaböndunum góðu sem voru til alls nýtt á þessum bænum.

Skemmtilegasti áfanginn? Búsmíði hjá Hauk og líffæra og lífeðlisfræði hjá Hörpu.

Ef þú værir dýr hvaða dýr værir þú? Og af hverju? Ég væri úrvals mjólkurkúr sem þyrfti lítið að bagsa við, mæti í mjaltir á hárréttum tíma og væri ekkert að hangsa við það.

Hvaða bústofn myndir þú vilja vera með? Kúr, kindur og nokkur hross til að létta lundina.

Hvað er planið eftir útskrif? Vinna og síðan væri nú gaman að skella sér í Búvísindin.

Hver er mesti stórbóndinn í bekknum?

Sigurður Sölvi Óskarsson fær þann titil.

Hvers gætir þú ekki lifað án? Ég gæti ekki lifað án þess að hafa bíl til að bruna norður um helgar.

Kvöldmaturinn þinn á Hvanneyri? Það fer alfarið eftir því hvernig dagarnir hafa verið en oft er gott að henda í gott pasta eða jafnvel pylsur.

Hvað kaupir þú í bónus vikulega? Mjólk og nóg af henni og kex til að hafa í kaffítímanum.

Eiður Smári Árnason

20. nóvember 2000

Árni Sigurður Þórarinsson og
Kristín Sigurhanna Sigtryggsd.,
Hofi í Svarfaðardal



Rauðgrönóttur hreinræktaður Svarfdælingur. Einlægur og vinagóður mætti halda að það rynni ekki í honum blóðið svona stundum.

Komstu á Hvanneyri í makaleit? Með eða án jarðar?

Nei

Eftirminnilegasta atvikið?

Þau eru það mörk atvikin og ekki birtingahæf flest. En sennilega flestar ferðir sem farið var í.

Hlutir sem búfræðinemi þarf á að halda á Hvanneyri?

Bjór og regngalla mögulega hlý föt því þetta er algert veðravíti

Hvert fórstu í verknám?

Reykjahlíð í Skeiða og Gnúpverjahrepp

Eftirminnilegasta atvik í verknáminu?

Sennilega bara öll víðáttubrjáðin sem maður fékk á túnunum þarna

Skemmtilegasti áfanginn?

Skógræðin með Palla var alltaf

hápunktur dagsins.

Ef þú værir dýr hvaða dýr værir þú? Og af hverju?

Klaufdýr bara af því bara

Hvaða bústofn myndir þú vilja vera með?

Blanda, kúr, kindur, hestar

Hvað er planið eftir útskrif?

Reyna verða jafn flottur og Sigurður Sölvi

Hver er mesti stórbóndinn í bekknum?

Sigurður Sölvi

Hvers gætir þú ekki lifað án?

Sigurðar Sólva

Harðasti djammari bekkjarins?

Sigurður Sölvi

Kvöldmaturinn þinn á Hvanneyri?

Hægeldað lasagne

Hvað kaupir þú í bónus vikulega?

Collab, Nautahakk, hvítlauksbrauð

STAÐAN Í DAG Minkarækt á Íslandi

Einar E. Einarsson,
Formaður loðdýradeildar BÍ



Það gilda sömu lögmál í minkarækt og í öðrum búskap. Allt sem við bændur framleiðum byggist á umhirðu og aðbúnaður sé góður. Við framleiðum ekki góða mjólk, kjöt eða grænmeti örðuvísi en að hugsa vel um framleiðsluna. Minkaræktin er nákvæmlega eins. Til að afurðin í minkaræktinni, skinnið, sé eins gott og best verður á kosið hverju sinni þurfa dýrin gott fóður, góða hirðingu og góðan aðbúnað. Í minkarækt eins og öðrum búskap þarf líka að stunda öflugt kynbótastarf sem byggist á mati þeirra eiginleika sem verið er að rækta og síðan notkun kynbótaforrita og aðkeyptra kynbótadýra frá völdum aðilum svo árangur náist.

Það sem hins vegar aðskilur minkaræktina mest frá öðrum búskap á Íslandi er fyrirkomulagið á afurðasölu. Afurðin er seld á uppboðum sem haldin eru af uppboðshúsum sem sérhæfa sig í sölu skinna. Í dag skipta íslenskir minkabændur við Sagafurs í Finnlandi, en þangað koma kaupendur alls staðar að úr heiminum og versla skinn við hamarshögg. Uppboðshúsin ábyrgjast að skinnin sem þeir selja séu framleidd af bændum sem standast bæði alþjóðlega vottunarkerfið Welfur, ásamt því að hafa gild framleiðsluleyfi í sínu heimalandi. Skinnin eru svo seld í búntum þar sem öll skinnin eru samskonar, sama stærð, sömu felldgæði, litur o.s.fv. Í sinni einföldustu mynd er því markmið bænda að rækta skinn sem komast í þá sölubunka sem kaupendur helst vilja hverju sinni, en þeir bunkar seljast alltaf á besta verðinu sem markaðurinn býður.

Á uppboðum sem þessum er hins vegar enginn trygging fyrir því að varan seljist né heldur að verðið sem fyrir hana fæst sé yfir framleiðslukostnaði viðkomandi bónda. Framleiðslukostnaður er líka eins og gefur að skilja breytilegur milli landa og jafnvel líka milli búa innan landa. Fyrir því geta verið margar ástæður, en þetta fyrirkomulag í afurðasölu,



Þvert á landamæri fjölda framleiðslulanda, gerir það einnig að verkum að sá sem framleiðir bestu vöruna fyrir minnstan pening á mestan möguleika á að komast af með ásættanlegum hætti.

Þróun síðustu ára

Fram til 2007 var heimsmarkaðurinn að umsetja 45-55 milljónir minkaskinna árlega með því sem kalla mætti eðlilegri markaðssveiflu á skinnaverði og framboði. Verðið sveiflaðist upp- og niður og var hver sveifla oftast í kringum 3

ár þó vissulega hafi verið til ýmsar útgáfur af þessum sveiflum ef nákvæmlega er skoðað. Frá árinu 2007 fór hins vegar eftirspurn eftir skinnnum mjög vaxandi á heimsmarkaði og munaði þar mestu um verulega aukningu í eftirspurn frá Kína og reyndar fleiri ríkjum í Asíu en einnig var góð sala vestan hafs og í Evrópu. Eins og gefur að skilja, á markaði sem þessum, þá fylgdi aukinni eftirspurn hærra skinnaverð og þar með aukin framleiðsla skinna um víðan heim. Framleiðslan jókst því hratt en náði ákveðnu hámarki árið 2013 þegar hún fór yfir 85 milljónir skinna. Á sama tíma náði einnig skinnaverðið hámarki og var þá orðið um 12.500 kr eða u.þ.b helmingi hærra en framleiðslukostnaðurinn. Strax á árinu 2014 byrjaði skinnaverðið að falla en framleiðslumagnnið hélst óbreytt fram til ársins 2016, en byrjaði svo að dragast saman. Sama ár fór söluverð á heimsmarkaði undir framleiðslukostnað og hefur verið svo síðan þó einstaka uppboð hafi gengið betur en önnur. Meðalskinnaverð síðustu 7 ára hefur verið lægra en framleiðslukostnaðurinn er.

Staðan í dag

Fyrstu árin eftir verðfall á markaði voru ekki frábrugðin því sem bændur þekktu og allir reiknuðu með að ástandið á markaðnum myndi lagast á næstu 2-3 árum. Það gekk hins



vegar ekki eftir og við bættist svo algjör lokun markaða þegar Covid faraldurinn skall á. Í faraldrinum stoppaði nánast öll umsetning með skinn í heiminum vegna lokanna á verksmiðjum og mikilla takmarkanna sem settar voru á ferðalög og veisluhöld og fyrir vikið gleði og gjafir. Margir aðrir framleiðendur ýmissa vöruflokka upplifðu nákvæmlega sama stoppið. Við framleiðslu á dauðum hlutum er hins vegar oft hægt að draga verulega saman í framleiðslunni eða jafnvel stöðva hana að fullu og fara svo aftur í gang án mikilla vandræða. Í minkaræktinni er ekki jafn auðvelt að hagræða með minni framleiðslu eða jafnvel algjöru stoppi því dýrin þurfa fóður og umhirðu sem greiða þarf fyrir. Á árinu 2016 þegar verðfallið skall á voru 32 bú með minkarækt á Íslandi en í dag eru einungis 8 bú í rekstri. Fækkunin er því mikil á ekki lengri tíma. Heimsframleiðslan er einnig kominn undir 10 milljónir skinna sem staðfestir að mikill samdráttur hefur einnig orðið í öðrum framleiðslulöndum. Fyrstu uppboðin eftir Covid faraldurinn með kaupendur í salnum voru haldin nú í febrúar og mars árið 2023. Salan á þeim gekk betur en verið hefur og skinnaverð hækkaði um rúm 10%. Engu að síður er markaðsverð skinnanna ennþá ansi langt undir því sem kostar að framleiða þau. Þau uppboð sem eftir eru á þessu ári verða því mjög afgerandi varðandi afdrif greinarinnar en ljóst má vera að svona langt tímabil afkomuleysis getur ekki gengið endalaust, jafnvel þó minkabændur séu þrjóskir.

Í augnablikinu er því best að krossa fingur og vona að markaðurinn taki hressilega við sér á næstu 4-5 mánuðum því þrátt fyrir allt eru íslenskir minkabændur með bestu skinn í heimi og voru þeir t.d. með hæsta meðalverð þeirra framleiðslulanda sem seldu skinn hjá Sagafurs 2022.



Símon Helgi Helgason

2. október 1997

Helgi Benediktsson og
Regula Rudin,
Austvaðsholti 1c



Hann er eins og vel tamin forystusauður, hann býr yfir svipuðum ullar gæðum og forystufé, dökk mórauður og háfættur. Fremur illa gerður líkt og forystu fé en gengur á léttum högum líkt og margt fé á Suðurlandi.

Komstu á Hvanneyri í makaleit? Með eða án jarðar? **Já auðvitað með stóra jörð og kvóta.**

Eftirminnilegasta atvikið? **Margt eftirminnilegt, allir stóru viðburðirnir og náttúrulega öll partýin. Síðan þegar það var ekki hægt að setja neitt í frystin fyrir ofan ískápinn því hann var allur kjaft fullur af vel fiðruðum rjúpum sem Aðalsteinn fann á förnum vegi. Hlutir sem búfræðinemi þarf á að halda á Hvanneyri? **Góða skapið, lopapeysa, vodka og ekki verra að eiga gamlan Land Rover.****

Hvert fórstu í verknám? **Hríshól, Eyjafirði**
Eftirminnilegasta atvik í verknáminu? **Það er margt. Heimsóknir á bæi í sveitinni, sauðburður, heyskapur og stæðugerð. Og ætli það sé ekki líka þegar ég hélt í hefðina á bænum og gataði vatnslögnina í fjárhúsunum þegar**

var verið að moka út, Gutta til mikillar hamingju sem var búin að vanda sig mikið við að moka frá henni.

Skemmtilegasti áfanginn? **Sauðfjarrækt og búsmíði**
Ef þú værir dýr hvaða dýr værir þú? Og af hverju? **Örugglega svartfleckótur kolvitlaus hrútur**
Hvaða bústofn myndir þú vilja vera með? **Kýr, kindur, nokkur hross og hunda auðvitað**

Hvað er planið eftir útskrif? **Ekkert ákveðið ennþá, trúlega bara að vinna.**
Hver er mesti stórbóndinn í bekknum?

Framnes bóndinn

Hvers gætir þú ekki lifað án? **Lofts**
Kvöldmaturinn þinn á Hvanneyri?

Það sem er til í ísskápnum annars Euroshopper pizza eða pylsur

Hvað kaupir þú í bónus vikulega?

Ýmislegt nýtsamlegt

Þór Ævarsson

1. maí 1999

Elín Margrét Stefánsdóttir og
Ævar Hreinsson,
Fellshlíð Eyjafjarðarsveit



Komstu á Hvanneyri í makaleit? Með eða án jarðar?

Nei.

Eftirminnilegasta atvikið?

Ekkert eitt en ferðirnar standa uppúr.

Hlutir sem búfræðinemi þarf á að halda á Hvanneyri?

Þjór og gott skap.

Hvert fórstu í verknám?

Egg í Hegranesi í Skagafirði og Varberg í Svíþjóð.

Eftirminnilegasta atvik í verknáminu?
Ekkert sérstakt bara furðuleg heitin bæði í Skagafirði og Svíþjóð.

Skemmtilegasti áfanginn?

Búsmíði.

Ef þú værir dýr hvaða dýr værir þú? Og af hverju?

Holstein kýr því það er flott.

Hvaða bústofn myndir þú vilja vera með?
Kýr.

Hvað er planið eftir útskrif?

Vonandi búskapur.

Hver er mesti stórbóndinn í bekknum?

Sigurður Sölví.

Hvers gætir þú ekki lifað án?

Kókómjólk.

Harðasti djammari bekkjarins?

Sigurður Sölví.

Kvöldmaturinn þinn á Hvanneyri?

Hakk og spagettí.

Hvað kaupir þú í bónus vikulega?

Hleðslu og ost.

Rauðskjölddóttur íslendingur, vel kynbættur úr Eyjafirði og Þistilfirði.
Rólegur mestmegnið af tímanum en getur farið í góðan galsa.



Hröð ásetning | Hljóðlátur | Viðhaldslítill | Sveigjanleiki í uppsetningu



📍 Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
☎ 480 5600

📍 Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
☎ 480 5610

🌐 www.landstolpi.is
✉ landstolpi@landstolpi.is

VELKOMIN Á NETVERSLUN OKKAR

▶ WWW.KB.IS

Panta og sækja
Fá sent heim



Lydía Rós Unnsteinsdóttir

7. janúar 2001

Unnsteinn Guðmundsson og
Alexandra Sólveig Arnardóttir,
Grundarfirði



Komstu á Hvanneyri í makaleit? Með eða án jarðar? **Reyndar ekki en fer frá Hvanneyri með gullfallegum gelti.** Eftirminnilegasta atvikið? **Hrútauppboðið 2022 og 2023 allan daginn, þrátt fyrir að muna kannski ekki eftir öllu.**

3 hlutir sem búfræðinema þarf á að halda á Hvanneyri? **Tequila, samlokugrill og lopapeysa.**

Hvert fórstu í verknám? **Kornsá í Vatnsdalnum í Austur-Húnavatnssýslu hjá Bigga Yahoo og Hörpu.**

Eftirminnilegasta atvikið í verknáminu? **Allt mjög eftirminnilegt, þau tóku vel á móti mér og kenndu mér margt.**

Skemmtilegasti áfanginn? **Lífræði og lífeðlisfræði og sauðfjárrækt 2.**

Ef þú værir dýr hvaða dýr værir þú? Og af hverju? **Haförn, læt ekki fara lítið fyrir mér**

Hvaða bústofn myndir þú vilja vera með? **Sauðfjárbú.**

Hvað er planið eftir útskrift? **Flytja í Eyjafjörðinn og svo ræðst það bara af framhaldinu.**

Hver er mesti stórbóndinn í bekknum? **Sigurður Sólvi dúllu bangsi.**

Hvers gætur þú ekki lifað án? **Kók í dós, tannbursta og tannkrem.**

Harðasti djammari bekkjarins? **Aðalsteinn og Sigurður Sólvi, þeir deila þessu máli.**

Kvöldmaturinn þinn á Hvanneyri? **Samloka með skinku og osti. Kokteilsósa on the side og kók í dós.**

Hvað kaupir þú í bónus vikulega? **Brauð, skinku, ost, kokteilsósu og kók í dós.**

Fallega hreinhvít snemma að hausti en gular illhærur sækja að henni þegar líður á veturinn. Velur sér haglendur algjörlega eftir sínu höfði, fer bara eftir því hvernig hún vaknar þann daginn. Fremur háfætt og vantar aðeins uppá holdfyllingu, ágætlega holdfyllt í lærum en gróf fram, gæti skánað ef hún færi út í kynbætur með holdfylltum grip úr Eyjafirðinum.

Jón Björn Blöndal

21. nóvember 2003

Eiríkur Blöndal og
Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir,
Langholti í Bæjarsveit



Komstu á Hvanneyri í makaleit? Með eða án jarðar?

Jaja bæði bara.

Eftirminnilegasta atvikið?

Þegar við óvart sprengdum körfubolta í heilfóðurblandara í búfjárræktarferðinni 2022.

Hlutir sem búfræðinemi þarf á að halda á Hvanneyri?

Bjór og kaffi.

Hvert fórstu í verknám?

Hellesø við Stavanger í Noregi og Keldudal í Skagafirði.

Eftirminnilegasta atvik í verknáminu?

Þegar við Þór Ævarsson fórum á rúntinn um Hegranesið.

Skemmtilegasti áfanginn?

Suða og búsmíði hjá Hauki Þórðar.

Ef þú værir dýr hvaða dýr værir þú? Og af hverju?

Smalahundur. Gaman að smala.

Hvaða bústofn myndir þú vilja vera með?

Rollur og útisvín

Hvað er planið eftir útskrift?

Eitthvað háskólanám, kannski búvísindi.

Hver er mesti stórbóndinn í bekknum?

Sölli.

Hvers gætir þú ekki lifað án?

Kaffi.

Harðasti djammari bekkjarins?

Aðalsteinn Aðalönd.


Kvöldmaturinn þinn á Hvanneyri?

Steikt hakk.

Hvað kaupir þú í bónus vikulega?

Mjólk.

Jón er eins og hinn klassíski Borgfirski kynbóta gripur nema að hann er mórauður að lit sem er sjaldgæft í Borgarfirði en hann er vöðvaður en vantar alla fitu á hann eins og algengt er í Borgarfirðinum. En af kynsterku kyni sem gæti skilað sér vel í ræktun ef haldið væri undir hann utan Borgarfjarðar.



Virkilega gefandi búskapur!

Ingvi Stefánsson, bóndi á Teigi í Eyjafjarðarsveit

Ég er giftur Selmu Dröfn Brynjarsdóttir og við eigum 4 börn á aldrinum 14-25 ára. Við búum með svín í Teigi í Eyjafjarðarsveit og tókum við búi foreldra minna fyrir rúmum 20 árum síðan. Búskapur með svín í Teigi hófst 1971 þegar fyrsta gyltan gaut í gömlu fjárhúsunum okkar. Mamma vakti yfir gotinu og var tilbúin með handklæði þegar fyrsti grísinn kom. Hún beið svo spennit eftir fleiri grísum alla nóttina en fleiri urðu þeir ekki í þessu goti! Eigum við ekki bara að segja að fall sér fararheill? Foreldrar Ingva byggðu svo 550 m² svínabú árið 1974 sem þótti mjög stórt á þeim tíma og eftir það var ekki aftur snúið.

Þetta er einmitt sama árið og ég fæðist þ.a. það er óhætt að segja að maður sé fæddur og uppallinn við svínabúskap. Þegar svínabúin voru sem flest á níunda áratug síðustu aldar voru þau um 140 og þar af margir með blönduð bú. Á síðustu áratugum hefur þeim fækkað mikið eins og í öðrum búgreinum þar sem hagræðingarkrafan er mikil.

Um þessar mundir erum við ásamt fleiri fjárfestum að byggja upp nýtt gyltubú á nýbýlinu Sölvastöðum í Eyjafjarðarsveit. Þarna verður allur aðbúnaður eins og best verður á kosið bæði fyrir skepnur og menn. Það var tekin meðvitund ákvörðun um að hafa rými meira en kröfur g.r.f. í dag. Reynslan hefur sýnt að kröfurnar aukast mjög hratt og mikilvægt að sýna fyrirhyggju hvað það varðar. Tilhlökkunin er mikil enda búinn að vera langþráður draumur að byggja upp svínabú þar sem allur aðbúnaður er til fyrirmyndar. Sennilega er ég þínu skrýttinn en mér líður hvergi betur en í gotinu þegar þau eru að hefjast. Það er einhver ólýsanleg ró sem færir yfir mann og nærandi að sjá líf fæðast út um allt. Fyrir mér er þetta virkilega gefandi búskapur.

En nafnið á býlinu, Sölvastaðir, hvaðan kemur það? Jú, það kemur fram í Landnámabók að landnámsmaðurinn Helgi Magri hafi sleppt gyltu og gelti í land á austurbakkanum í Eyjafirði eftir að hann fór að búa á Kristnesi. Þegar hann vitjaði þeirra þremur vetrum síðar taldi hjörðin um 70 svín og gölturinn hét Sölvi. Dalurinn sem þau fundust í heitir í höfuðið á geltinum og blasir beint við bæjarstæðinu á Sölvastöðum þ.a. það kom aldrei neitt annað nafn til greina.



Miklar fjárfestingar framundan í greininni

Svínaræktin stendur nú á miklum tímamótum þar sem greinin þarf í lok næsta árs að vera búin að uppfylla nýja reglugerð um velferð svína. Þegar reglugerðin var sett árið 2014 var kostnaður greinarinnar metinn á rúma 3 milljarða, ég held að það sé ekkert óvarlegt að tvöfalda þá tölu í dag.

Með reglugerðinni er verið að stórauka rýmið fyrir gylturnar, sjá til þess að þær séu í lausagöngu á öllum stigum og svo mætti áfram telja. Um þessar mundir eru að verða 7 ár síðan við hættum að gelda grísina, í stað þess notum við bóludefni sem seinkar kynþroskaferli galtargrísa og kemur í veg fyrir galtarbragð í kjöti. Allt kostar þetta og okkur hefur því þótt miður að ekki séu gerðar sambærilegar kröfur þegar kemur að innfluttu kjöti. Einnig er sorglegt til þess að vita hvað upplýsingagjöf til neytenda er ábótavant. Það hlýtur að vera sjálfsagður réttur neytenda að fá uppl. um við hvaða aðstæður gripirnir eru aldir.

Aukin eftirspurn

Eftirspurn eftir svínakjöti hefur aukist stöðugt síðustu áratugi. Síðustu 10 árin hefur aukinni eftirspurn fyrst og fremst verið annað með auknum innflutningi. Fyrir því eru nokkrar ástæður s.s. lækkandi tollvernd, mikil eftirspurn eftir svínasíðum með auknum ferðamannastraumi til landsins. Einnig hafa bændur verið ragir við að fara í miklar fjárfestingar síðustu árin þar sem rekstrarumhverfið er sveiflukennt.



Þrátt fyrir að óvissan sé mikil í greininni og samkeppni við innflutning aukist á hverju ári er að ýmsu leyti líka tilefni til að vera bjartsýnn á framtíðina. Þannig eru það að sumu leyti ákveðin forréttindi að vera svínabóndi á Íslandi. Geta alið upp gripi til slátrunar með lítilli sem engri sýklalyfjanotkun, laus við hjarðsjúkdóma sem kollegar okkar erlendis eru búnir að gefast upp á að berjast við er eitthvað sem við tökum sem sjálfsögðum hlut en er það alls ekki. Víða erlendis er svo mikið álag á landið og stutt á milli búa þ.a. sjúkdómar berst á milli búa með andrúmsloftinu. Þetta eru hlutir sem við þurfum ekki

að hafa áhyggjur af á Íslandi. Einnig má segja að Covid og ekki síður stríðsátök í Úkraínu hafi opnað augu stjórnmalamanna fyrir því hvað málefni landbúnaðarins hafa um langt skeið verið látin reka á reiðanum. Þannig verður nú vonandi fjallað um málefni landbúnaðarins af meiri virðingu í framtíðinni. Einnig skynjum við sterkt vilja neytenda til að versla íslenskt svínakjöt og fá meiri upplýsingar um við hvaða aðstæður framleiðslan fer fram. Í öllu þessu liggja ákveðin sóknarfæri fyrir greinina inn í framtíðina.



Aðalsteinn Gunnarsson

23. febrúar 2000

Gunnar Helgason og
Hafdís Bergmannsdóttir,
Stóra-Bóli á Mýrum í Hornafirði



Rólegt svart naut að austan. Hann hefur gaman af nýungum og að breyta svefnrútnunni.
Hjálpsamur og hefur gífurlegt þol.

Komstu á Hvanneyri í makaleit? Með eða án jarðar? Neeeeei svosem ekki en ég horfði í kringum mig

Hlutir sem búfræðinemi þarf á að halda á Hvanneyri? Skagfirskan drykkjufélagi, vitund um það hvar maður kemst í mat og einn Símon til að vekja sig á morgnanna.

Hvert fórstu í verknám? Hranastaði í Eyjafirði og svo til Pihl út í Danmörku. Eftirminnilegasta atvik í verknáminu? Þegar haugsugan mætti mér við hliðina á traktorum uppi í Eyfirsku skíðabrekkunum.

Skemmtilegasti áfanginn?

Búsmíði hjá Hauk og búsmíði hjá Bjarna smíðakennara, þó þeir hafi báðir gert grín af mínum Hornfirsku uppruna, annar þeirra vildi bara halda mér úti.

Hvað er planið eftir útskrif?

Það er að gera eitthvað misgáfulegt.

Ef þú værir dýr hvaða dýr værir þú? Og af hverju? Mörgæs því þær eru cool og ég sé fram á framtíðar innflutning á þeim.

Hvaða bústofn myndir þú vilja vera með? 2.000 kindur, 60 kýr bara svona hobby og Helga bróður. Ef það klikkar að hafa Helga bróður þá bara 20 hænur.

Hver er mesti stórbóndinn í bekknum?

Væntanlega ég ef ég fæ Helga bróður

Hvers gætir þú ekki lifað án?

Helga bróður.

Harðasti djammari bekkjarins?

Stefán Berg hefur verið að koma á óvart seinasta árið.

Kvöldmaturinn þinn á Hvanneyri?

Ef það eru ekki kótelettur eins og oft er þá eru það svið.

Hvað kaupir þú í bónus vikulega?

Mjólk, ost og brauð.

Sigurður Sölvi Óskarsson

6. ágúst 1997

Lára Gunndís Magnúsdóttir
og Óskar Gísli Broddason,
Framnes í Blönduhlíð, Skagaf.



Komstu á Hvanneyri í makaleit? Með eða án jarðar?

Nei ég er með jörð

Eftirminnilegasta atvikið?

Þegar Eiður drakk frostlögin og varð blindur í viku.

hlutir sem búfræðinemi þarf á að halda á Hvanneyri?

sssssss eru ekki allir búnir að segja bjór?, ég ætla að segja brennivín og sjálfstraust.

Hvert fórstu í verknám?

Kanastaði í Austur Landeyjum.

Eftirminnilegasta atvik í verknáminu?

Þegar að við fórum á ballið í Njálsbúð og dólguðum party hjá ungum framsóknarmönnum.

Skemmtilegasti áfanginn?

Skógræði með Palla.

Ef þú værir dýr hvaða dýr værir þú? Og af hverju?

Hófdýr, því ég er svo hóflegur.

Hvaða bústofn myndir þú vilja vera með? Silkihænur og aliendur.

Hvað er planið eftir útskrif?

Hætta að drekka.

Hver er mesti stórbóndinn í bekknum?

Ég.

Hvers gætir þú ekki lifað án?

Eiðs á Hofi.

Harðasti djammari bekkjarins?

Ég.

Kvöldmaturinn þinn á Hvanneyri?

Vont lasagne.

Hvað kaupir þú í bónus vikulega?

Uuuu hérna kardomomudropa.

Rauðbröndóttur íslendingur með gamla sál.

Hann er heimakær, mjög mannglögur og kýrnar elska hann alveg.

LBHÍ

NÁTTÚRULEGA FRAMÚRSKARANDI HÁSKÓLI



NÁTTÚRA & SKÓGUR



RÆKTUN & FÆÐA



SKIPULAG & HÖNNUN

Búfræði
Búvísindi
Landslagsarkitektúr
Hestafræði
Náttúru- og
umhverfisfræði
Skógfræði
Skipulagsfræði
Endurheimt vistkerfa
Umhverfisbreytingar
á norðurlóðum

lbhi.is



Kynntu þér spennandi
námsmöguleika hjá okkur.

ÚR SKÓLASTARFINU



ÚR SKÓLASTARFINU

ÚR SKÓLASTARFINU

ÚR SKÓLASTARFINU



Það er bæði gaman og krefjandi að vera við búskap

Ásta og Arnar, bændur á Hranastöðum

Það er bæði gaman og krefjandi að vera við búskap, það var árið 1994 sem við hjónin útskrifuðumst sem búfræðingar frá Bændaskólanum á Hvanneyri. Á þeim tímamótum vorum við ekki alveg viss hvort við færum í búskap og héldum til Reykjavíkur í frekara nám. Það var svo árið 2001 sem við kaupum Hranastaði sem er æskuheimili Ástu og erum við því búin að vera bændur í 22 ár núna.

Það er óhætt að segja að miklar breytingar hafi orðið á þessum tíma, búum hefur fækkað og þau stækkað mikið og höfum við fylgt þeirri þróun. Í dag erum við með 120 mjólkurkýr og um 12.000 varphænur. Þegar við vorum búin að vera í kúabúskapnum í 17 ár og breyta og bæta aðstöðuna, fjölga kúnum og rækta mikið af túnunum fannst okkur tími til komin að prófa að takast á við eitthvað nýtt og ákvaðum við að ráðast í það að byggja hænsnabú og til varð Gæðaegg. Óhætt er að segja að við sjáum ekki eftir þeirri ákvörðun. Þetta hefur verið mikið lærdómsferli, byggð voru hús, bæði fyrir varphænur og ungauppeldi, en það voru fyrstu húsin sem við byggðum í okkar búskapartíð. Fram að því höfðum við einungis verið að breyta og betrubæta húsakost sem fyrir var á jörðinni.

Það að ala upp og hugsa um varphænur er nákvæmnisvinna. Hæurnar geta verið kenjöttar eins og önnur og dýr og þarf að umgangast þær af ró og virðingu eins og raunin er með öll dýr ef vel á að fara. Það ólíka við eggjaframleiðsluna miðað við mjólkurframleiðslu eru sölumálin en mjólkina seljum við við mjólkurhúsdýrnar eins og langflestir mjólkurframleiðendur á Íslandi en þegar kemur að eggjunum þarf að markaðsetja

og koma vörunni alveg inn í búð. Það var alveg nýtt fyrir okkur að velja umbúðir, hvernig þær ættu að líta út og hversu mikið vöruframboð við vildum hafa í boði. Við völdum að fara í umhverfisvænar umbúðir en bakkarnir okkar eru allir framleiddir úr endurunnum dagblöðum og tímaritum og eru kolefnisjafnaðar, við erum virkilega ánægð með útkomuna og er óhætt að segja að þeim hafi verið vel tekið.

Frá því við höfum búskap höfum við lagt á það áherslu að njóta vinnunar og hafa gaman að því sem við erum að gera. Auk þess höfum við veitt öðru rými til að fást við ýmislegt annað sem okkur hefur langað að prófa og höfum við bæði menntað okkur og fengist við hin ýmsu félagsmál samhliða búskapnum. Það er mikilvægt að festast ekki í viðjum vanans og spyrja sig reglulega að því hvort búskapurinn sé í góðum farvegi og starfsánægjan sé góð. Það eru í raun fáar stéttir sem þurfa að passa sig eins mikið á því að hjartað sé í starfinu eins og bændur því það er svo mikið undir, velferð alls bústofnsins. Eitt af því sem við höfum alltaf haft að leiðarljósi er að taka okkur reglulega frí sem hefur veitt okkur mikið og kannski það besta er að koma endurnærður heim og láta þá verkin tala.



auðvitað eru brekkur í þessu eins og öðru en hvað er lífið án áskoranna?. Við munum vel eftir því að á þeim tíma sem við keyptum voru raddir sem töldu það hina mestu vitleysu, það væri engin framtíð í búskap og eins og einn góður sagði „ætlið þið virkilega að kaupa jörð og fara að hokra“. Þessar raddir eru enn að, það er aldrei rétti tíminn til að hefja búskap að álitum sumra, en eitt er víst að við þurfum alltaf að framleiða mat og það er alltaf besti tíminn fyrir öflugt fólk að hefja búskap.



Til þess að bændur geti tekið sér nauðsynleg frí þarf virkilega öflugt starfsfólk til að vinna á búunum og í afleysingaþjónustu. Fyrir vel menntað fólk í landbúnaði eru mikil tækifæri fólgin í þessu og getur verið mikilvægt fyrir ungt fólk sem langar í búskap að byrja á að taka að sér vinnu sem krefst ábyrgðar og sýnir raunsanna mynd af því hvernig það er að vera bóndi.

Í þau 22 ár sem við höfum verið bændur höfum við aldrei séð eftir því að hafa tekið þetta skref að fjárfesta í jörð en



Stefnir Snær Ingvarsson

3. nóvember 2000

Ingvar Ragnarsson og
Fanney Reynisdóttir,
Akranesi



Svartur angus tuddi, fljótur að læra á lífið og ekki lengi að finna sér maka.
Brosir út að eyrum ef hann fær að eyða tíma í myrkrinu á skytterií.

Komstu á Hvanneyri í makaleit? Með eða án jarðar? **Nei.**
Eftirminnilegasta atvikið?
Margt sem mun aldrei gleymast en þegar við kíktum í miðnæturkaffi til Bjarna Guðjóns.
Hlutir sem búfræðinemi þarf á að halda á Hvanneyri?
Það er mjög gott að hafa aur fyrir áfenginu eða áfengisþolið.
Hvert fórstu í verknám?
Ég fór á Signýjarstaði í Hálsasveit
Eftirminnilegasta atvik í verknáminu?
Ætli það sé ekki þegar nautgripirnir sluppu.
Skemmtilegasti áfanginn?
Lífeðlisfræði eða búsmíði járn á öðru ári en búsmíði tré á fyrsta ári.
Ef þú værir dýr hvaða dýr værir þú? Og af hverju?
Ætli það væri ekki hundur, besti vinur mannsins eða eitthvað dýr sem getur

flogið.
Hvaða bústofn myndir þú vilja vera með?
Ég myndi alltaf vera með kýr og kindur með.
Hvað er planið eftir útskrif?
Ég ætla að taka mér pásu í námi og fara að vinna.
Hver er mesti stórbóndinn í bekknum?
Sigurður Sölvi er stórbóndinn í bekknum.
Hvers gætir þú ekki lifað án?
Kaffibolla á föstudagsmorgnum.
Harðasti djammari bekkjarins?
Valgeir til að nefna einhvern en annars eru flestir allir harðir djammarar.
Kvöldmaturinn þinn á Hvanneyri?
Kjúklingur og sætar með hvítlaukssósu hefur líklegast verið oftast á borðstólnum.
Hvað kaupir þú í bónus vikulega?
Ég held að kjúklingur eða súkkulaðimjólk sé oftast keypt.

Jökull Gíslason

7. febrúar 2003

Gísli Örn Bjarkarson og
Ragnhildur Sigurðardóttir,
Álftavatni á Snæfellsnesi



Fallega hreinhvítur allt árið um kring, vel holdfylltur, breiður fram og átaka góður á bak og læri.
Skapgerð mjög góð, ef eitthvað er þá getur hann orðið manngúr þegar líður nóttina og vill oft fara að takast á. Hefur gaman af því að skoða sig um á nýjum haglundum og þvælist mikið um fjöll og firmindi í leit að kindum til að slá sér upp með.

Komstu á Hvanneyri í makaleit? Með eða án jarðar? **Nei ekkert sérstaklega.**
Eftirminnilegasta atvikið?
Örugglega þegar ég hitti hann Aðalstein á nýnemadeginum.
Hlutir sem búfræðinemi þarf á að halda á Hvanneyri?
Lopapeysa og Bjór.
Hvert fórstu í verknám?
Sveinsstaði í Austur Húnavatnssýslu.
Eftirminnilegasta atvik í verknáminu?
Að taka á móti fyrstu T137 lömbunum.
Skemmtilegasti áfanginn?
Búsmíði járn.
Ef þú værir dýr hvaða dýr værir þú? Og af hverju?
Border Collie vegna áhuga á kindum.

Hvaða bústofn myndir þú vilja vera með?
Stórt sauðfjárbú og Border Collie hundar.
Hvað er planið eftir útskrif?
úff ... þegar stórt er spurt en lítið um svör.
Hver er mesti stórbóndinn í bekknum?
Ætli það hljóti ekki að vera hann Sigurður Sölvi.
Hvers gætir þú ekki lifað án?
Kindanna minna og Fjárnís.
Harðasti djammari bekkjarins?
Aðalsteinn Gunnarsson.
Kvöldmaturinn þinn á Hvanneyri?
Hakk og spaghetí.
Hvað kaupir þú í bónus vikulega?
Brauð, álegg, mjólk og spaghetí.



Ifor Williams Kerrur í öllum stærðum og útfærslum



**Mikið úrval varahluta í Ifor Williams kerrur
og allar aðrar gerðir af kerrum,
ásamt úrvals viðgerðarþjónustu**

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is





Rabarbaraframleiðsla

Kjartan Ágústsson, bóndi á Löngumýri á Skeiðum

Þegar leitað var til mín með að skrifa smágrein í Búfræðinginn, hikaði ég aðeins, en lét svo vaða. Þegar ég var 16 ára byrjaði ég að hugsa um rabarbara og reyna að hafa tekjur af honum. Notaði peninginn til að borga hluta af kostnaði við menntaskólanám. Hnausar voru fluttir og klofnir og svæðið stækkað. Í raun tók ég við af afa en afi og amma lögðu sig fram við að rækta til að hafa smá aukatekjur. Fyrir skemmtilega tilviljun var ég að glugga í gamla Handbók bænda frá 1962. Þar rakst ég á skráningu frá afa heitnum. Þá seldu þau 1,5 tonn af rabarbara og vel að merkja líka svolítið af sultu og saft.

Fyrst seldi ég Sölufélagi garðyrkjumanna, þá í 5 kg pokum. Síðan jókst salan og nýir viðskiptamenn komu. Fyrst var rabarbarinn þveginn og seldur í 20 kg pokum. Mest fór í Mömmusultu og síðar Kjarnavorur sem enn er öflugasti kúnninn. En nú voru blíkur á lofti. Kallað var eftir breytingum. Nú var fyrst ósk og síðar krafa um að leggirnir yrðu brytjaðir. Þá var að hrökkva eða stökkva. Taka slaginn eða játa sig sigraðan. Við héldum áfram. Búin var til skurðarvél og reyndist hún vel en eins og annað þurfti að þróast. Árið 1998 flytjum við, ég og sambýliskona mín, vestur og ég fer að kenna þar.

Merkilegt nokk. Það hefur aldrei verið mín sterka hlið að vera eins og fólk er flest og fljóta með straumnum. Reksturinn á búinu hélt áfram með góðri hjálp en ég var svo í sveitinni yfir sumarið. En á Ísafirði gafst tóm í tómstundum til að hugsa og þæla. Úr varð vinnslulína þar sem byggt er á sömu hugmyndafræði og í fiskvinnslu. Með viðbótum matvinnsluvéla að sunnan varð til verksmiðja þar sem rabarbari er þveginn og brytjaður. Í framhaldinu var byggt

hús yfir starfsemina. Það kostar klof að ríða röftum. Þegar aðrir byggðu reiðhallir, byggðum við rabarbaraverksmiðju. Auðvitað kostaði þetta blóð, svita og tár.

En þar með er ekki öll sagan sögð. Í upphafi árs 2008 var haft samband við okkur. Verið var að leita að fólk sem væri til í að prófa eitthvað nýtt og fara út fyrir rammann. Verkefnið hét Stefnuþót hönnuða og bænda. Við slógum til, Listaháskólinn, úrval matreiðslumanna o.fl. gott fólk, ásamt okkur, fórum í verkefnið og uppskárurum rabarbarakaramellu. Síðan komu sultur og síróp. Þetta var skemmtilegt en krefjandi. Á nútímamáli kallast þetta áskorun. Karamellan hlaut brautargengi og er enn framleidd. Þetta er allt undir heitinu rabarbaria. Hugmyndina að karamellunni má rekja til bernskuminninga margra, glas með sykri og rabarbara stungið í og borðað með bestu lyst. Ekki vinsælt af foreldrum en samt freistandi.

Rabarbaraframleiðslan er 6 – 10 tonn á ári. Fer uppskeran einkum eftir veðri og hvort hægt sé að uppskera á besta tíma.



Uppskorið tvisvar á hverju sumri. Ýmsir leggja hönd á plóg. Fastur mannskapur er ekki nema húsbóndinn og ekki er að neita því, að þó ýmsir aðrir hafi tekið upp í gegnum árin eru þeir þó nokkrir legginir sem ég hef slitið upp á 50 ára ferli. Lions klúbburinn Embla kemur í fjögurra kvenna hópum yfir háönnina og skera rætur af leggjum. Það er dásamleg hjálp. Þær ásamt fleira góðu fólki gera mér kleift að halda áfram. Langstærstur hluti rabarbarans er seldur áfram, einkum í sultugerð og líkjör.

Ekki má gleyma því að rabarbarinn er vottaður lífrænn og styttist í að eitthvað af sultunni verði það líka. Einnig er ég með fé sem kannski verður lífrænt einn góðan dag ef ég þarf ekki að flytja sláturféð hundruð kílómetra. En að gerast lífrænn er meira en að segja það. Mikil skriffinnaska og urmull af reglugerðum sem þarf að komast í gegnum. Það hefur aldrei verið mín sterka hlið að komast í gegnum nálarauga en það er að takast. En



reglur eru reglur og við þurfum að sætta okkur við þær þó sumar reglur pirri. Ég er ánægður með að vera þó þetta lífrænn. Það gefur, þó lítið fari í vasann. En ég er sannfærður að lífrænn landbúnaður er betri fyrir heilsuna og umhverfið og mér hugnast hann einfaldlega betur en sá hefðbundni. Hins vegar vantar raunhvata til að hvetja ungt fólk til að leggja hann fyrir sig í meira mæli.



 **KRAFTVÉLAR**



ALLT TIL ALLS!

Tindar og festingar - Sláttuvélahnifur og festingar



Síur - Drifsköft og drifskaftsefni



velaval.is
alltaf opin!

Stein- og bætiefni



Sendum
um land
allt!



Interclamp er alhliða framleiðsla á röratengjum gerðum úr galvaniseruðu pottjárni til ótölulegra nota.



Sími: 453 8888 - Opíð virka daga kl. 9-17 | Við Norðurlandsveg - 560 Varmahlíð



Nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands

Þorvaldur Ragnar Þorbjarnarson, formaður

Nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri er hagsmunafélag nemenda sem stunda nám við skólann. Félagið stendur einnig fyrir fjölbreyttu félagslífi og skipuleggur ýmsa viðburði og uppákomur fyrir nemendur á Hvanneyri. Þar standa helst upp úr hinn árlegi leðjubolti og að sjálfsgöðu árshátíðin svo eitthvað sé nefnt. Félagsskapurinn er hinsvegar aldrei langt undan hér á Hvanneyri og iða nemendagarðarnir af lífi flesta daga vikunar.

Undir nemendafélagið heyrir fimm önnur félög sem halda sína eigin viðburði út allt skólaárið, þar trónir á toppnum

Kúavinafélagið Baula

Þór Ævarsson, formaður

Kúavinafélagið Baula er félag nautgripabænda í LbhÍ og var stofnað í nóvember 2015 og hefur staðið fyrir viðburðum í gegnum árin en með smá pásu í covid-19. Markmið félagsins er að auka þekkingu og áhuga á nautgripærækt og halda skemmtilega viðburði ásamt því að sjá til þess að nemendur skólans komi saman og þrjúttu upp félagslífið.

Veturinn hófst á Dellubingó sem var haldið þann 10. nóvember í Hvanneyrarfjosi. Dellubingó er hálfgerð vígsla nýrra meðlima Baulu og fer þannig fram að nýjir meðlimir eru í flórnum að vakta bingóreitina en þú færð stig með því að kaupa reit í flórnum og vonast til að kýrnar skíti mest á þinn reit. Fyrstu þrjú sætin fá veglega vinninga frá fyrirtækjum í nágrenninu.

Í febrúar náðum við loksins eftir þriggja ára pásu að fara í bauluferð. Ferðinni var heitið í Kolbeinsstaðarhæpp og stoppað var á Snorrastöðum þar sem við kíktum í fjósið og þáðum veitingar ásamt leiðsögn um fjósið. Síðan var haldið niður á mýrar og stoppuðum við í Laxárholti og skoðuðum fjósið og tækin á bænum. Þegar allir voru að verða svangir var haldið



hrútauppboð Hreðjars sem er sennilega stærsti viðburður skólans og hefur hann dregið fólk að víðsvegar af landinu. Einnig hefur verið stofnaður íþróttaklúbbur sem skipuleggur ýmskonar íþróttaviðburði yfir árið.

Við í nemendafélaginu erum mjög bjartsýn á komandi skólaár og hlakkar okkur mikið til að taka á móti nýnemum sem kunna að bætast í okkar einstaka samfélag og hvetjum að sjálfsgöðu alla sem hafa áhuga á að kynna sér nám við þennan frábæra skóla.



heim á Hvanneyri þar sem Björn Ingi Ólafsson fjósameistari beið í Hvanneyrarfjosi með veitingar í boði Baulu.

Fatasalan var haldin að vana og seld voru vinnuföt frá Ferro zink og Flor ásamt derhúfum og bjórglössum sem gekk mjög vel.

Í fyrra var ákveðið að halda sameiginlegan aðalfund hjá félögnum Baulu, Grana og Hreðjari og var ákveðið að gera það aftur í ár og hann var haldinn 22. mars. Voru nýjar stjórnir kynntar hjá hverju félagi og var þetta einnig hálfgerð lokahöf og góð leið til þess að kveðja fyrsta árs nemana í búfræði áður en þeir héldu í verknám.

Baula þakkar þeim innilega sem aðstoðuðu okkur í vetur, Ferro zink og Flor vinnuföt fyrir fatasöluna, Agli bústjóra og Birni Inga fjósameistara fyrir að leyfa okkur að fá afnot af fjósinu og aðstöðunni þar.

Að lokum vill ég þakka stjórn Baulu fyrir vel unnin störf í vetur og óska ég nýrri stjórn góðs gengis á komandi skólaári.

Helgi Fannar Gestsson

22. febrúar 1999

Hjördís Anna Helgadóttir
og Gestur Freyr Stefánsson,
Höskuldsstöðum í Blönduhlíð



Komstu á Hvanneyri í makaleit? Með eða án jarðar? Nei

Eftirminnilegasta atvikið?

Þegar Sölvi steig sín fyrstu spor í hestamennskunni.

3 hlutir sem búfræðinemi þarf á að halda á Hvanneyri?

Góð vekjaraklukkan.

Hvert fórstu í verknám?

Úthlíð í Skaftártungu.

Eftirminnilegasta atvik í verknáminu?

Sennilega ferðirnar sem við Guðmundur

fórum í Flóann að sækja steypumót og

það sprakk á kerruni hjá okkur í tvígang

og við enduðum með því að skilja hana

eftir og ná í hana daginn eftir því við

höfðum ekki fleiri varadekk.

Skemmtilegasti áfanginn?

Verknámið allan daginn alla daga!

Ef þú værir dýr hvaða dýr værir þú? Og af hverju?

Ég væri sennilega kind, ástæðan fyrir því er að ég hugsa eins og kind- hvar er gott að vera? – Þar vil ég vera

Hvaða bústofn myndir þú vilja vera með?

Kýr og kindur, hesta til þess að komast að heiman annað slagið.

Hvað er planið eftir útskrif? **Vinna og**

horfa eftir jörð til kaups.

Hver er mesti stórbóndinn í bekknum?

Emil Stefánsson.

Hvers gætir þú ekki lifað án? **Góða**

skapsins.

Harðasti djammari bekkjarins?

Valgeir Guðjón.

Kvöldmaturinn þinn á Hvanneyri?

Folaldakjöt.

Hvað kaupir þú í bónus vikulega?

Harpa fer nú yfirleitt bara.

Vel hyrndur hvítur hrútur. Lágfættur holdakögull með vel holdfylltan frampart en hausin fremur ófagur. Skapgerð er frekar óstapíl en skánar þó yfirleitt um fengitið. Þykir jarma frekar mikið rétt fyrir gjafir. Helgi er einstaklega fjarska falleg skepna.

Jón Ingi Haraldsson Vökuson

7. október 1999

Vaka Sigurðardóttir og
Haraldur Jónsson,
Dagverðareyri í Hörgársveit



Komstu á Hvanneyri í makaleit? Með eða án jarðar?

Já já afhverju ekki, bæði og.

Eftirminnilegasta atvikið?

Þegar að Lydía braut Jameson flöskuna mína.

3 hlutir sem búfræðinemi þarf á að halda á Hvanneyri? **Bjór, tóbak og pening.**

Hvert fórstu í verknám?

Bryðjuholt í Hrunamannahrepp.

Eftirminnilegasta atvik í verknáminu?

Þegar að mér var rétt háþrýstidælan

í Svíþjóð og ég var beðinn um

að þrifa kvígur, á Íslandi var það

matarsamsetningarnar hjá Samúel.

Skemmtilegasti áfanginn?

Búsmíði járn.

Hvaða bústofn myndir þú vilja vera með?

Bara kýr.

Hvað er planið eftir útskrif?

Það er allt mjög óákveðið kannski vinna bara.

Hver er mesti stórbóndinn í bekknum?

Sigurður Sólvi.

Hvers gætir þú ekki lifað án?

Bjór og matar.

Harðasti djammari bekkjarins?

Valgeir.

Kvöldmaturinn þinn á Hvanneyri?

Pasta.

Hvað kaupir þú í bónus vikulega?

Frosnar pítsur, kristall, pasta og eldstafir.

Stór rauður galloway-blendings boli, forvitinn enda komin með þónokkra reynslu á öðrum kúastofnum. Yfirleitt slakur og æsir sig lítið, yfirhöfuð bara grjótharður.

Hestamannafélagið Grani

Magnús Þór Guðmundsson

Hestamannafélagið Grani var stofnað árið 1954 og heyrir undir nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands. Markmið félagsins er að gæta hagsmuna hestamennsku nemenda við skólann og stuðla þannig að bættri meðferð hrossa, efla nemendur, vekja áhuga á hestaíþróttinni og styrkja félagslegt samstarf hestamanna í skólanum. Allir nemendur sem stunda nám við skólann eru félagar í Grana og er þeim öllum velkomið að taka þátt í félagsstarfinu sem Grani býður uppá.

Veturinn var nokkuð rólegur framan af en þann 15. nóvember héldum við árlega óvissuferð Grana, sem hefur þó ekki verið farin síðustu tvö ár vegna óviðráðanlegra aðstæðna. Við skoðuðum þrjá bæi í Borgarfirði, það voru Hestaland, Laugavellir og Oddsstaðir þar sem við lukum ferðinni með að grilla pylsur ofan í mannskapinn. Við í stjórn Grana þökkum fyrir höfðinglegar móttökur en einnig þeim sem komu með og gerðu þessa ferð eftirminnilega.

Um miðjan janúar hélt Grani sína árlegu fatasölu sem gekk gríðarlega vel. Við fengum fót frá Lífland, Hrímní og Kaupfélagi Borgfirðinga. Þau gáfu okkur tilboð í ýmsar vörur svo nemendur fengi að njóta góðs fatnaðar á betra verði en almennt væri.

Í vetur þá héldum við fjögur mót. Tvö þeirra voru svokölluð skemmtimót fyrir nemendur í skólanum en hin tvö voru opin öllum þeim sem vildu spreya sig á keppnisvöllinum.

Fyrri skemmtimótið var grímutölt sem var haldið á sjálfri hrekkjavökunni sem er í lok október. Grímutöltið var haldið samhliða grímuballi sem fór fram seinna um kvöldið á viðfræga



barnum, Kollunni. Keppendur lögðu sig alla fram við að skreyta sig eða jafnvel sinn hest sem áhorfendur höfðu gaman að.

Mjólkurtöltið var seinna skemmtimótið sem stjórn Grana stóð fyrir. Mjólkurtöltið vakti mikla lukku bæði fyrir keppendur og áhorfendur. Fjölmennt var í stúkunni og var ekki annað að sjá en þeir skemmtu sér konunglega.

Þann 21. febrúar ákváðum við að víkja aðeins úr gömlum vana og héldum við gæðingamót sem var opið öllum. Keppt var í sérstakri forkeppni í B-flokki og mátti sjá fjölmarga gæðinga ásamt knöpum sínum keppast um 1. sætið. Mótið tókst gríðarlega vel þrátt fyrir örlitla tæknilega örðugleika.

Mótið var stykt af Lífland og þökkum við þeim fyrir það.

Lokamótið var töltmót sem haldið var 16. mars. Þar fengu starfsmenn Ríkissjónvarpsins að kíkja við til að taka upp innslag um Guðrúnu Fjeldsted sem hefur átt góðan keppnisferil og er enn að sigra unga fólkið á keppnisvöllinum. Styrktaraðili mótsins var Kaupfélag Borgfirðinga. Mótið gekk framur björtustu vonum og var þátttökan góð.

Skeifudagurinn var svo haldinn á sumardaginn fyrsta eða þann 20. apríl. Skeifudagurinn fór vel fram og gaman að sjá afrakstur nemenda eftir veturinn. Fjöldi fólks mætti og tók þátt í deginum með okkur og endaði dagurinn á stórglæsilegu happdrætti sem við höldum árlega

Að lokum viljum við í stjórn Grana þakka öllum þeim sem komu að okkar starfi í vetur fyrir þeirra óeigingjarna framlag á þessu skólaári sem er að líða.



Lára Þorsteinsdóttir Roelfs

17. maí 1999

Aafke Roelfs og
Þorsteinn Baldur Bjarnason,
Siglufirði



Hávaxinn og fögur leirljós hryssa. Róleg og traust meri sem er dugleg, alltaf til í nýtt verkefni og gefur sitt besta í öllum aðstæðum.

Komstu á Hvanneyri í makaleit? Með eða án jarðar?

Nei og án jarðar

3 hlutir sem búfræðinemi þarf á að halda á Hvanneyri?

Skór með stáltá, bjór og gott skap

Skemmtilegasti áfanginn?

Reiðmennska III og II með Guðbjarti, hann reitir af sér fimmaura brandara eins og hann fái borgað fyrir það eða búsmíði og suða hjá Hauki

Ef þú værir dýr hvaða dýr værir þú? Og af hverju?

Krummi, ég safna skrítnum og glansandi hlutum eða dreki af sömu ástæðum.

Hvaða bústofn myndir þú vilja vera með?

Blandað bú af kindum, geitum, fuglum og hestum, trúlega kjötkanínur líka.

Hvað er planið eftir útskrif?

Halda áfram að læra og bæta mig.

Hver er mesti stórbóndinn í bekknum?

Jón Björn

Hvers gætir þú ekki lifað án?

Kaffi, rokk músík og pepsí max.

Harðasti djammari bekkjarins?

Aðalsteinn

Kvöldmaturinn þinn á Hvanneyri?

Fiskibollur með karrísósu og hrísgrjónum koma manni ansi langt.

Hvað kaupir þú í bónus vikulega?

Ab mjólk

Sólveig Sigurbjörg Sæmundsdóttir

22. september 2000

Sæmundur Jónsson og
Kristín Anna Kristjánsdóttir,
Borgarnesi



Meðalstór, falleg jörp hryssa sem er forvitin og fljót að koma til. Skemmtileg og mjög dugleg en getur verið heldur skapstór þegar hún skilur ekki verkefnið.

Komstu á Hvanneyri í makaleit? Með eða án jarðar? **Neinei en hafði augun opin.**

Eftirminnilegasta atvikið?

Ferðirnar og Hrótauppboðin standa upp úr annars þegar covid var og allt lokað svo við vorum 11 sem buðum okkur sjálf í bústað hjá fjarnemunum og um miðnætti kíktum við í heimsókn til Bjarna Guðjóns.

3 hlutir sem búfræðinemi þarf á að halda á Hvanneyri? **Sterkt áfengi, bjór og gamla góða lopapeysan.**

Hvert fórstu í verknám? **Björ sjö**

Gård í Svíþjóð og Syðri-Fljóta hjá

Kirkjubæjarklaustri.

Eftirminnilegasta atvik í verknáminu?

Líklegast þegar ég var í Svíþjóð, ég og Julia vorum að fara á annan bæ að sækja bíl og á leiðinni til baka þá labbaði elgkýr og kálfurinn hennar yfir veginn beint fyrir framan okkur, svakaleg stærð á þessum dýrum!

Á Syðri-fljótum þá var það þegar þau treystu mér að sjá ein um búíð í 3 daga þegar sauðburður var enn í gangi.

Skemmtilegasti áfanginn?

Reiðmennska III með Guðbjarti.

Ef þú værir dýr hvaða dýr værir þú? Og af hverju?

Þrjóska meri sem væri líklegast búin að enda í saltkjöstunnu.

Hvaða bústofn myndir þú vilja vera með?

Kindur og hesta.

Hvað er planið eftir útskrif?

Vinna og ferðast.

Hver er mesti stórbóndinn í bekknum?

Sigurður Sölví.

Hvers gætir þú ekki lifað án?

Hestana minna.

Kvöldmaturinn þinn á Hvanneyri?

Einhver réttur með kindahakki.

Hvað kaupir þú í bónus vikulega?

Orkudrykki, egg og nóg af skyri.

Hrútavinafélagið Hreðjar

Aníta Ýr Atladóttir, formaður

Hrútavinafélagið Hreðjar var stofnað á haustdögum 2003 af nokkrum sauðfjárunnendum sem þá voru í námi á Hvanneyri. Nú 20 árum síðar stendur félagið traustum fótum og meðlimir þess gera sitt allra besta við að halda í hefðir þessa frábæra félags.

Við sem sátum í stjórn Hreðjars frá fyrra ári byrjuðum á því að taka inn vel valda rolluhausu sem voru að hefja skólögöngu sína hér á eyrinni í félagið og þá gátum við óhikað farið að skipuleggja viðburði komandi skólaárs.

Haustið hjá okkur byrjaði með hinu árlega hrútaþukli sem var haldið þann 29. september á Hesti. Á hrútaþukli kemur saman mikill fjöldi fólks, óreyndir sem reyndir þuklarar og gerðu heiðarlega tilraun til að raða þeim fimm hrútum sem urðu fyrir valinu í rétta röð. Efstu þrír þuklarnir fengu vegleg verðlaun með í farteskið.



Hið vinsæla hrútauppböð Hreðjars var síðan haldið daginn fyrir árshátíð nemendafélagsins eins og venja er, uppböðið í ár var haldið með pompi og prakt þann 18. nóvember. Á hrútauppböðinu stendur fólki til boða að kaupa hlut í afburðahrútnum Hreðjari, sá aðili sem kaupir flesta hluti í Hreðjari stendur uppi sem sigurvegari uppböðsins. Sigurvegarar uppböðsins voru leystir út með veglegum vinningum og kvöldið heppnaðist einstaklega vel þar sem allir gengu sátta frá borði.

Fatasala félagsins var haldin í byrjun febrúar og tókst hún vel. Seld voru vinnuföt frá Sindra ásamt húfum og skotglösum frá Bros. Vel var tekið í söluna og nú eru kaupendur vel merktir félaginu víðs vegar um landið.

Sameiginlegur aðalfundur félaga skólans Hreðjars, Baulu og Grana var haldinn miðvikudaginn 22. mars rétt áður en fyrsta árið í Búfræðinni hélt í verknám. Stjórnir félaganna sáu um að grilla ofan í mannskapinn og sáu til þess að enginn væri þyrstur á fundinum. Nýjar stjórnir félaganna fyrir komandi skólaár voru kynntar og mannskapurinn arkaði brosandí á hinn víðfræga Kollubar að fundi loknum.

Við í stjórn Hreðjars viljum þakka fyrirtækjunum sem styrktu okkur með veglegum vinningum á viðburðunum sem við höldum í vetur, Vélaval, Krauma, Hraunsnef, Þór, Landnámssetrið Borgarnesi, Bústólpi, KB og Dominos.

Einnig vil ég þakka stjórnarmeðlimum Hreðjars skólaárið 2022-2023 kærlega fyrir samstarfið á árinu og þeim sem mættu á viðburðina kærlega fyrir góða stemningu og góða skemmtun. Hvet alla sem ætla sér í nám á Hvanneyri og hafa mikinn unað af sauðkindinni að sækja um í Hreðjar þar sem þið munuð ekki sjá eftir því!



Árni Ágúst Magnússon

27. desember 1997

Magnús Ágúst Ágústsson og Rannveig Árnadóttir, Suðurlandið vítt og breitt



Hann er mórauður og vel gerður, ullarmagn í meðallagi, vantar aðeins uppá holdfyllingu en bakhold eru þokkaleg. Breiður fram, holdfylltur í lærum og tekur sig vel út á velli, gæti hentað til undaneldis austur á landi.

Komstu á Hvanneyri í makaleit? Með eða án jarðar? Nei kom ekki á Hvanneyri til þess en endaði á að finna mér maka í verknáminu.

Eftirminnilegasta atvikið? Það er gott að maður getur skemmt einhverjum svo hann byrjar að kvarta yfir að vera illt í maganum af hlátri, Ég og Símon fórum að rýja í Reykhólahrepp og var þetta fyrsta sinn sem ég var að fara á eitthvað bú að rýja og eftir þessa tvo daga skemmti ég Símoni það mikið með hvað ég var óheppinn meðan ég var að rýja og hverju ég lenti í á meðan.

3 hlutir sem búfræðinemi þarf á að halda á Hvanneyri? Béin 3. bjór, bæli og barinn Hvert fórstu í verknám? Ég fór í Akurnes í Austur Skaftafellssýslu.

Eftirminnilegasta atvik í verknáminu? Þegar ég kenndi Sveini á FIFA 22 og rúllaði yfir hann 6-0.

Skemmtilegasti áfanginn? Búsmíði járn Hvaða bústofn myndir þú vilja vera með? Sauðfé, nautaeldi og hross.

Hvað er planið eftir útskrif? Vinna og safna pening.

Hver er mesti stórbóndinn í bekknum? Ég held nú að það sé Sigurður Sölví. Hvers gætir þú ekki lifað án? Vina og ættingja.

Harðasti djammari bekkjarins? Aðalsteinn Gunnarsson.

Kvöldmaturinn þinn á Hvanneyri? Fyllt pasta eða lauköflur.

Hvað kaupir þú í bónus vikulega? Appelsín og fyllt pasta.

Nadine Stehle

22. mars 1998

Cornelia Stehle og Heinz Stehle, Harpoldingen, Þýskalandi



Hávaxin, faxprúð og myndarleg móálótt hryssa, virkilega góð skapgerð sem lærir hratt og örugglega. Óhemju traust meri sem ekki þarf að hafa nokkrar áhyggjur af í krefjandi aðstæðum.

Komstu á Hvanneyri í makaleit? Með eða án jarðar?

Nei

Eftirminnilegasta atvikið?

Fyrsta árshátíðin

3 hlutir sem búfræðinemi þarf á að halda á Hvanneyri?

Poweraid, frosin pizza og góða skapið.

Hvert fórstu í verknám?

Bjarnarhöfn

Eftirminnilegasta atvik í verknáminu?

Þegar þau skildu mig eftir í 3 daga til að sjá um búið og undir urðu hvolpar með tveim hundum sem voru í þjálfun hjá okkur.

Skemmtilegasti áfanginn?

Líffæra- og lífeðlisfræði

Hvaða bústofn myndir þú vilja vera með?

Helst með allt sem er til.

Ef þú værir dýr hvaða dýr værir þú? Og af hverju?

Páfagaukur. Góð í að læra utan af fyrir próf en gleymi öllu um leið að það er búið.

Hvað er planið eftir útskrif?

Ég fer að vinna í Syðri Gróf og svo var ég beðin um að rýja 200 kindur í Frakklandi þó að ég sé ekki góð í rúningi. Það er samt mjög líklegt að ég fari að ferðast og ætla að vinna á bæjum um allan heim.

Hver er mesti stórbóndinn í bekknum?

Sigurður Sölví

Hvers gætir þú ekki lifað án?

Prjónanna minna, ég myndi annars sofna í tímum.

Harðasti djammari bekkjarins?

Aðalsteinn

Kvöldmaturinn þinn á Hvanneyri?

Pizza

Hvað kaupir þú í bónus vikulega?

Kristal

Búfjárræktarferð

Árni Ágúst Magnússon

Föstudagur 10. mars

Ákveðið var að fara um Norðurland í ár og var gíst á Steinsstöðum rétt hjá Varmhlíð en þar er rekið gistiheimili. Lagt var af stað um 9 leitið frá Hvanneyri og stoppað í Staðarskála og síðan aftur á Blönduósi til þess að fólk gæti nært sig aðeins og gert þarfir sínar því það var langur akstur fram undan. Fyrsta stoppið sem var planað var á Sauðarkróki og þar biðu okkar hamborgarar og franskar á N1 fyrir hópinn. Eftir að allir voru saddir og sælir var haldið af stað á fyrsta bæinn sem heitir Staðarhof, þar er hrossarækt og tók Sigurjón á móti okkur með góðum veitingum sem þyrst fólk vildi gæða sér á, Sigurjón fræddi okkur um byggingu



hússins þar sem það var ný byggt. Síðan var haldið á Páfastaði þar sem hjónin Sigurður Baldursson og Krístín kona hans eru búsett og reka þar kúabú. Þau kynntu fyrir okkur nýtingu á skít sem undirburð og með þessari aðferð spara þau sér þann kostnað sem færi í undirburð undir kýrnar. Einnig fengum við að skoða sjálfvirka fóðurkerfið sem þau eru með frá Lely. Því næst fórum við í Syðri-Hofdali þar sem Aníta Ýr samnemandi okkar í öðrum bekk býr og skoðuðum við fjósið þar og nautaeldið. Síðasti bærinn þennan daginn var Hofstaðarsel þar sem eru holdakýr og nautaeldi í ný byggðu fjósi fyrir holdakýrnar. Kom svo á leiðarenda þennan dag á Steinsstöðum og fékk hópurninn dýrindis gúlassúpu sem að mæður Valgeirs og Sigurðar Sölva þær Lára og Efemía sáu um. Á Steinsstöðum eru pottar sem við höfðum aðgang að og nýtti fólks sér það að skella sér í þá og hafa það huggulegt.



Laugardagurinn 11 mars

Brottför var um 9 leitið og var þá farið norður í Eyjafjörð, fyrsta stopp þennan daginn voru Þórustaðir en þar fengum við kynningu á kartöflum og á því hvernig verksmiðjan hjá þeim virkar. Síðan var farið af stað inn á Akureyri





að heimsækja Búvís og þar fengum við hádegisverð ásamt kynningu um fyrirtækið og nýbyggingu þeirra. Því næst lá leiðin í Vélfang að sjá það nýjasta og stóra í dráttvéla bransanum og auðvitað fljótandi veitingar í boði. Því næst héldum við aftur inn í Eyjafjörðinn og þar stoppuðum við á Garði þar sem er kúabú og nautaeldi, þeir kynntu okkur fyrir sjálfvirku fóðurkerfi og fengum við einnig að skoða nautaeldið. Hranastaðir var næsta stopp og fengum við að sjá í uppeldishúsið og svo þar sem varphæurnar voru staðsettar, þá þurfti mannskapurinn að klæða sig upp í viðeigandi fatnað allt í samræmi



við kröfur og reglur um sóttvarnir. Stór hluti af mannskapnum stoppaði stutt inni hjá varphæunum þar sem þeim fannst heldur sterk lyktin þar inni.

Næsta stopp voru Torfur, þar var vel tekið á móti okkur og fengum við mikið að röltu sjálf um og skoða okkur um. Þau á Torfum eru að standa í að breyta fjósinu úr mjaltabásu í róbótafjós og það var áhugavert að fá að skoða þær breytingar. Næsti áfangastaður var Hríshóll sem er sauðfjárbú og kúabú en sáum við bara sauðféið aðallega og tóku þau vel á móti okkur. Þegar við náðum loks að ná mannskapnum frá veitingaborðinu á Hríshóli var haldið af stað aftur í Skagafjörðinn og síðasta stopp var Kúskerpi. Ákveðið var að taka stutt stopp í Bónus á Akureyri og þegar mannskapurinn var kominn aftur í rútuna og átti að fara að halda af stað fór rútuna ekki í gang svo það var aðeins töf á plani. Þegar við loks komum í Kúskerpi voru grillaðir hamborgarar en á meðan við biðum eftir matnum fengum við skoðunarferð um fjósið. Þá var haldið aftur á Steinsstaði þar sem nokkrir fóru í háttinn en aðrir héldu áfram fjörinu aðeins fram á nótt.

Sunnudagur 12 mars

Sumir vöknudu snemma að ganga frá og allir gerðu sig svo til fyrir heimferðar um 10 leitið, haldið var á Sveinsstaði og fengum við að skoða fjárhúsin þar og endurbæturnar á þeim. Auk þess var talað um féð sem var með T137 arfgerðina. Næst var svo farið í Steinnes og sáum við þar gæða kollótt fé en fengum svo að kíkja í ný byggðu reiðhöllina og kynning á hvernig hún var byggð og hvað þau notuðu í undirlagið í henni. Síðan var haldið í Norðurhaga að taka út búíð hjá yngsta bónda landsins henni Ragnhildi Ástu sem var með okkur í ferðinni og fengum við vel af veitingum hjá henni.



Að lokum heimsóttum við Urriðaa þar sem var mjög vel tekið á móti okkur með góðu veitingum jafnt föstum sem fljótandi. Þau kynntu okkur fyrir búinu sínu og þeirra framkvæmdum eftir að þau keyptu jörðina og sáum við fyrst mottur úr kambstáli sem kom flestum á óvart og fengum við kynningu á því. Haldið var svo á Hvanneyri þar sem flestir voru orðnir lúnir og tilbúnir að fara beint upp í rúm eftir þessa skemmtilegu ferð.

Eftirfarandi aðilar styrktu ferðina:

Borgarverk	Rabarbía
Bústólpi	Friðheimar
LELY Center Ísland	Erpsstaðir
Lifland	Sæplast
Landstólpi	Kraftvélar
NPK	Verkfærasalan
Vélfang	Límtré/vínret
Þór hf	Uppsteypa ehf
Sel ehf	Hofdalabúíð ehf

Emil Stefánsson

6. október 2000

Stefán Leifur Rögnvaldsson og Hulda Hörn Karlsdóttir, Leifsstöðum í Öxarfirði



A.K.A gormurinn, gular illhætur eru yfirgnæfandi á haustin og vex lítið sem ekkert snoð á honum svo hann er eins og gemlingur á vori sem hefur ekkert þrifist yfir veturinn. Léttur og frá á fæti, holdfylling skánar er líður á veturinn, vantar þó uppá hold í læri, malir og hann er frekar grófur fram. Gengur á of léttum högum líkt og féið í Þingeyjarsýslunum (fé er jafnt og fóstra líkt) ATH: vottur af rana.

Komstu á Hvanneyri í makaleit? Með eða án jarðar? **Já og nei og ekkert frekar.**

Eftirminnilegasta atvikið?

Norðurferðin.

3 hlutir sem búfræðinemi þarf á að halda á Hvanneyri?

Hlý fót. Það getur nefnilega verið leiðinda veður á Hvanneyri.

Hvert fórstu í verknám?

Steinnes í Austur Húnavatnssýslu.

Eftirminnilegasta atvik í verknáminu?

Fósturtalningar dagurinn var eftirminnilegur fyrir margar sakir.

Skemmtilegasti áfanginn?

Skógfræði með Palla.

Ef þú værir dýr hvaða dýr værir þú? Og af hverju?

Sennilega köttur, vegna þess að ég er svo liðugur.

Hvaða bústofn myndir þú vilja vera með? **Sauðfé.**

Hvað er planið eftir útskrif?

Ekkert sérstakt planað enn.

Hver er mesti stórbóndinn í bekknum?

Þór Ævarson.

Hvers gætir þú ekki lifað án?

Vatns.

Harðasti djammari bekkjarins?

Margir sem deila þessum titli en sennilega er Sigurður Sölvi harðastur.

Kvöldmaturinn þinn á Hvanneyri?

Núðlur.

Hvað kaupir þú í bónus vikulega?

Collab.

Stefán Berg Ragnarsson

15. mars 1998

Ragnar Magnússon og Stefanía Malen Stefánsdóttir, Skriðufelli í Jökulsárhlið



Faxprúður, vel byggður rauður hestur með skemmtilegt skap, frekar lágvaxinn en bætur það upp með gífullegri skreflengd og miklum vilja.

Komstu á Hvanneyri í makaleit? Með eða án jarðar?

Nei en ég kom á Hvanneyri með útskrifaðan búfræðing með mér og vissulega frá jörð.

Eftirminnilegasta atvikið?

Fyrsta hrútauppboðið.

3 hlutir sem búfræðinemi þarf á að halda á Hvanneyri?

Bjór, lopapeysu og góða skapið.

Hvert fórstu í verknám?

Skutlegard í Voss, Noregi og Torfur í Eyjafjarðarsveit.

Eftirminnilegasta atvik í verknáminu?

Hiklaust þegar ég fór á nautauppböð í Noregi.

Skemmtilegasti áfanginn?

Frumtamningar

Hvað er planið eftir útskrift?

Vinna eins og svín og safna peningum þá getur maður gert eitthvað misgáfulegt að ári.

Hver er mesti stórbóndinn í bekknum?

Þór Ævarsson.

Hvaða bústofn myndir þú vilja vera með?

Holdakýr, hesta og nokkrar kollóttar kindur til að halda frúnni ánægðri.

Hvers gætir þú ekki lifað án?

Egils orku.

Harðasti djammari bekkjarins?

Aðalsteinn Gunnarsson.

Kvöldmaturinn þinn á Hvanneyri?

Hakk og spagettí.

Hvað kaupir þú í bónus vikulega?

Egils orku, pylsur, rifinn ost og samlokubrauð.

Johanna Friederike Düerr

21. júní 2000

Angelika Dürr og
Andreas Dürr,
Merklíngen, Þýskalandi



Kolótt hánytja fyrsta kálfs kvíga, vel ættuð og afskaplega róleg.
Góð í því sem hún tekur sér fyrir hendi og mjög vandvirk.

Komstu á Hvanneyri í makaleit? Með eða án jarðar?

Nei, það gerðist bara.

Eftirminnilegasta atvikið?

Örugglega búfjárræktarferðirnar tvær og nokkur kvöld.

3 hlutir sem búfræðinemi þarf á að halda á Hvanneyri?

Lopapeysa, drykkur og vinnuföt.

Hvert fórstu í verknám?

Gilsárteigur 2.

Eftirminnilegasta atvik í verknáminu?

Þegar Sibba þurfti að fara eitthvert og ég þurfti því að sprauta kú með pensilín, ég var mjög kvíðin hvort ég myndi drepa hana, en það gekk allt vel.

Skemmtilegasti áfanginn?

Búsmíði

Ef þú værir dýr hvaða dýr værir þú? Og af hverju?

Ég væri fugl af því ég fauk í vindinum á Hvanneyri.

Hvaða bústofn myndir þú vilja vera með?

Blandað, helst eitthvað af öllu.

Hvað er planið eftir útskrif?

Vinna og ferðast.

Hver er mesti stórbóndinn í bekknum?

Sigurður Sölví.

Hvers gætir þú ekki lifað án?

Draumum fyrir framtíðina, ég er alltaf að spá í hvað mig langar að gera næst.

Harðasti djammari bekkjarins?

Aðalsteinn.

Kvöldmaturinn þinn á Hvanneyri?

Pizza.

Hvað kaupir þú í bónus vikulega?

Tómata, brauð og banana.

Valgeir Guðjón Egilsson

16. febrúar 1999

Efemía Fanney Valgeirsdóttir
og Egill Örlygsson,
Dauhá í Skagafirði



Bröndóttur íslenskur tuddi, getur verið skipulagður og hefur gaman að sjá aðra skemmta sér, en getur stundum misst það í spól.

Komstu á Hvanneyri í makaleit? Með eða án jarðar? **Já eru það ekki alltaf flestir.**

Eftirminnilegasta atvikið? **Úff það eru**

svo mörg, ferðirnar sem voru farnar, árshátíðirnar, og allir viðburðirnir sem við höldum.

3 hlutir sem búfræðinemi þarf á að halda á Hvanneyri? **Bjartsýni og vín.**

Hvert fórstu í verknám? **Móeiðarhol.**

Eftirminnilegasta atvik í verknáminu?

Þegar við fórum nokkur á viðburð hjá sjálfstæðisflokkinum og ég endaði á að kaupa áritaða landlíðstreyju af Hallberu Gísladóttir á uppboði á Hvolsvelli.

Skemmtilegasti áfanginn? **Búsmíði tré með Bjarna.**

Ef þú værir dýr hvaða dýr værir þú? Og af hverju? **„Mávar þeir eru töffar“**

Hvaða bústofn myndir þú vilja vera með?

Kýr.

Hvað er planið eftir útskrif? **Vinna.**

Hver er mesti stórbóndinn í bekknum?

Sigurður Sölví.

Hvers gætir þú ekki lifað án? **Lífsviljanum**

Harðasti djammari bekkjarins? **Nú partýlestin.**

Kvöldmaturinn þinn á Hvanneyri? **Laggi (Lasagna) að hætti Sigurðs og Eiðs.**

Hvað kaupir þú í bónus vikulega?

Maispoka (haldapoka).





RML
RÁÐGJAFARMIDSTÖÐ
LANDBÚNAÐARINS
10 ára • 2013 - 2023

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
516-5000 | rml@rml.is | www.rml.is

Það borgar sig að spá í spilin!

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er leiðandi í ráðgjöf og miðlun þekkingar í landbúnaði. Starfsemi okkar nær til alls landsins og starfsstöðvar okkar eru 12 talsins. Meðal þess sem við veitum ráðgjöf í er:

- Búfjárrækt
- Búrekstur
- Bútækni
- Fóðrun
- Garðyrkja
- Heyverkun
- Jarðrækt
- Landnýting
- Umhverfis- og loftslagsmál

RML hefur umsjón með kynbótastarfi búgreinanna og þróun og þjónustu við skýrsluhaldsforrit. Hluti ræktunarstarfsins felst í því að dæma búfé. Við sjáum um:

- Kúaskoðanir
- Lambadóma
- Hrossadóma

Af hverju að leita ráða hjá RML ?

- Þegar taka þarf stórar ákvarðanir í búrekstrinum
- Ef það eru tækifæri til að auka og bæta gæði afurðanna
- Ef bæta má fóðrun og heilsufar búfjár
- Þegar skoða á möguleika á ræktun og landnýtingu
- Áttu jarðnæði og vilt fá hugmyndir varðandi nýtingu ?
- Langar þig að hefja búskap eða breyta um búskaparform ?
- Viltu bæta reksturinn eða byggja nýtt ?
- RML veitir opinberum aðilum ráðgjöf varðandi landnýtingu, loftslagsmál og fleira tengt landbúnaði

Helstu forrit sem RML vinnur með og aðstoðar bændur í eru:

- Dk búbót – bókhald
- Fjárvis – skýrsluhald í sauðfjárrækt
- Huppa – skýrsluhald í nautgriparrækt
- Heiðrún- skýrsluhald í geitfjárrækt
- WorldFengur- skýrsluhald í hrossarækt
- Jörð – landupplýsingar og skýrsluhald í jarðrækt



Hjartað í íslenskum landbúnaði

